



Fundargerð.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði miðvikudaginn 30. apríl 2014.

Fundur hefst kl. 13⁰⁰ í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri.

Þetta er 370. fundur sveitarstjórnar, 5. fundur ársins 2014.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra og er 2 blaðsíður.

Guðmundur Ingi oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn ásamt Eygló Kristjánsdóttur, sveitarstjóra.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskrá bætist:

1. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

2. Ósk um ábyrgðaryfirlýsingu vegna lántöku Héraðsnefnda Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Ársreikningur Skaftárhrepps 2013.

Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi hjá KPMG endurskoðun mætti til fundarins og fór yfir ársreikninginn.

Oddviti þakkar Einari greinargóða yfirferð.

Ársreikningi vísað til síðari umræðu.

2. Ósk um ábyrgðaryfirlýsingu vegna lántöku Héraðsnefnda Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps samþykkja hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Héraðsnefndar Rangárvalla og Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 120.000.000 kr., - eitthundraðogtuttugumilljónir kr- í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í eignum Héraðsnefndanna. Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélaganna, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna byggingu við Byggðasafnið í Skógum, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Eygló Kristjánsdóttur kt. 051274-3509, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja f.h. Skaftárhrepps veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að



Skaftárhreppur

móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

Ábyrgðaryfirlýsingin samþykkt.

II. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 14:40.

Guðmundur Ingi Ingason

Jóhannes Gissurarson.

Þorsteinn M. Kristinsson

Sverrir Gíslason

Rannveig E. Bjarnadóttir